

Reglugjörð

91

10. sept.

um breyting á fjárskilareglugjörð 22. júlí 1916 fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu.

Fyrir »á laugardaginn« í 49. gr. 4. málslíð, komi: í rjettalok.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 10. september 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

Auglýsing

92

15. sept.

stjórnarráðsins um barnafræðslu skólaárið 1917—18.

1. Þeir barnaskólar, sem reknir verða næsta vetur samkvæmt gildandi reglugjörð, fá styrk úr landssjóði til skólahaldsins sem að undanförmu.

2. Þeim barnaskólum, sem ekki geta aflað sjer eldsneytis til nægilegrar hitunar á skólastofunum, heimilast að stytta kenslutímann frá því, sem hann er ákveðinn í reglugjörð, án þess að missa rjett til styrks úr landssjóði, en styrkurinn, sem eins og fyr verður miðaður við námstímalengd, barnafjölda og tilkostnað, skal þó bundinn því skilyrði, að kensla fari fram að minsta kosti 8 vikur, og að hvert barn njóti 8 vikna kenslu.

3. Ef heimangönguskóli verður ekki rekinn næsta skólaár, annaðhvort vegna eldsneytisskorts eða annara erfiðleika, sjer skólanefndin um, að kennari eða kennarar hafi eftirlit með heimafræðslu barna og aðstodi heimilin við hana jafnlangan tíma af skólaárinu og skólinn á að starfa samkvæmt reglugjörð.

92

15. sept. 4. Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu næsta vetur verður styrkur veittur úr landssjóði samkvæmt fyrirætlum fjárlaga og fræðslulaga, þar sem kenslan er rekin samkvæmt gildandi fræðslusamþykkt og reglugjörð.

5. Þeim farskólum, sem reynist örðugt að útvega nægilegt eldsneyti til upphitunar kenslustofum næsta vetur, eins langan tíma og reglugjörð gjörir ráð fyrir að farskólinn starfi, veitist undanþága frá reglugjörðinni, að því er tímalengdar-ákvæðið snertir. Þó fær enginn farskóli styrk til kenslunnar úr landssjóði, nema hann starfi í 8 vikur að minsta kosti.

6. Nú reynist í farskólahjaraði örðugt að halda uppi farskóla næsta vetur, annaðhvort af því að hæfilegt eldsneyti vantar eða af öðrum orsökum, og ber fræðslunefnd þá að ráða eftirlitskennara, er starfar í 24 vikur í fræðsluhjaraðinu að eftirliti með heimilisfræðslunni, enda nýtur hjaraðið þá styrks úr landssjóði til kenslunnar, svo sem lög mæla fyrir um styrk úr landssjóði til eftirlits með heimafræðslu.

Þetta er hjermeð gjört heyryn kunnugt.

Reykjavík, 15. september 1917.

Stjórnarráðið.

Reglugjörð

fyrir bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi.

Stjórnarráð Íslands hefir 22. september 1917 gefið út svofelda reglugjörð fyrir bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi, samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóvember 1905.

1. gr.

Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu kýs 3 manna nefnd til þess að hafa á hendi alla yfirumsjón með bryggjunni og bátauppsátrinu. Kosning þessi gildir fyrir 3 ár í senn, en á hverju ári skal kosinn 1 maður í nefndina í stað eins, er árlega fer úr henni, sem skal verða eftir hlutkesti 1. og 2. ár. Nefndin kýs sjer formann úr sínum flokki og ræður bryggjuvörð, er má vera utannefndar, og semur um borgun fyrir störf hans. Formaður kallar nefndina á fund þegar hann álitur þess þörf, eða bryggjuvörður krefst þess. Nefndarmenn fá þóknun fyrir störf sín í þarfir bryggjunnar eftir reikningi, er sýslunefnd úrskurðar.

93

22. sept.